

# SAMÞYKKT

## fyrir Vatnsveitufélag 14 bújarða í austur Ölfusi.

### 1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélagið Berglind. Heimili þess og varnarþing er í Ölfushreppi.

### 2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

### 3. gr.

Stofnendur félagsins eru ábúendur býlanna: Þórustaðir, Kjarr, Bræðrabýli, Kirkjuferjuhjáleiga, Kirkjuferja, Auðsholt, Auðsholtshjáleiga, Egilsstaðir, Arnarbæli, Krókur, Sandhóll, Kolströnd, Gljúfurárholt, Kross.

Hver stofnandi greiðir 256 þús. 330 kr. sem stofngjald og telst hann ekki fullgildur félagsmaður fyrr en það stofngjald er greitt. Allt vatn í fjós, þvottahús og önnur þau hús, er heyra búrekstri jarðarinnar til, telst undir sama stofngjald og íbúðarhús.

Félagsskylda samkv. 1. mgr. þessarar greinar er því skilyrði háð, að ábúenda séu látin í té afnot af vatni því, sem félagið hefur til umráða.

### 4. gr.

Ábúendur væntanlegra nýrra býla á félagssvæðinu má taka í félagið með samþykki lögmæts aðalfundar.

Nýr félagsmaður greiðir sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld sem á félaginu hvíla, til jafns við aðra félagsmenn frá því, er hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega hans vegna, til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

### 5. gr.

Stofnkostnaður að upphaflegri aðalleiðslu vatnsveitunnar greiðist í eftirtöldum hlutum fyrir býli á félagssvæðinu: 15. feb. 1977 119 þús. 237 kr., 15. mars 1977 119 þús. 236 kr., 15. apríl 1977 17 þús. 857 kr. Skal hann greiddur af stofngjöldum félagsmanna, þar sem þau hrökkva til og styrk, sem veittur kynni að vera til vatnsveitunnar.

Einnig greiði Ósgerði sf. 128 þús. 165 kr., Mæri 128 þús. 164 kr., Nethamrar 137 þús. 500 kr., Kotstrandarkirkja 128 þús. 165 kr.

Vatnsgjald skal innheimta árlega af hverju býli á félagssvæðinu sem vatns nýtur úr vatnsveitunni. Skal félagsstjórn tiltaka upphæð þess þannig fyrir hvert reikningsár að nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar aðalleiðslu vatnsveitunnar og til viðhalds.

Gjöld skv. 3. mgr. þessarar greinar má taka lögtaki ásamt áföllnum innheimtukostnaði ef ekki er staðið í skilum um greiðslu gjalda til félagsins. Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram þau gjöld sem honum ber að greiða til félagsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

### 6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef þrír félagar eða tveir stjórnarmeðlimir krefjast þess, enda skal greina tilefni þess.

### 7. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann enda hafi löglega verið til hans boðað. Fundur er löglega boðaður ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboðið bréfluga eða persónulega með fimm daga fyrirvara. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða.

## 8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Ef þá hefur ekki borist ljósrit af reikningum félagsins til félagsmanna fyrir sl. ár. Til aðalfundar skal boðað með viku fyrirvara bréflæga eða persónulega. Aðalfundur er lögmaður ef 3/4 félagsmanna sækir hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmaður, hver sem fundarsókn er.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir þrjú menn í stjórn félagsins og tveir endurskoðendur til eins árs í senn. Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf skal þess getið í fundarboði.

## 9. gr.

Stjórn félagsins skiptir sjálf með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmaður að allir stjórnarmenn mæti. Færa skal gerðabók stjórnarfundar og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana ásamt formanni þegar hún hefur verið samþykkt.

## 10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og aðalleiðslu. Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

## 11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti 2/3 félagsmanna samþykkir þeim.

Félaginu verður slitið ef 2/3 hlutar félagsmanna samþykkja að slíta því á löglega boðuðum félagsfundi. Við félagsslit skulu eignir félagsins renna í sveitarsjóð Ölfushrepps.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélaginu Berglind, staðfestist hér með samkvæmt XI. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. desember 1995.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Sesselja Árnadóttir.*

## REGLUGERÐ

### um jöfnun eigna á móti váttryggingaskuld váttryggingafélaga.

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Með váttryggingaskuld váttryggingafélags er átt við óuppgerðar heildarskuldbindingar þess vegna gerðra váttryggingasamninga eins og hún er metin sem liður skuldamegin í efnahagsreikningi félagsins. Í líftryggingafélagi er váttryggingaskuldin einnig nefnd líftryggingaskuld.

Með váttryggingafélagi er átt við félag eða stofnun með starfsleyfi sem gefið hefur verið út hér á landi og útibú erlendra váttryggingafélaga með aðalstöðvar utan Evrópska efnahags-svæðisins sem leyfi hafa fengið til váttryggingastarfsemi hér á landi, sbr. lög nr. 60/1994.